

5. ágúst 2009

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 7. apríl 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og HB Grandi hf. með sér sátt vegna brots HB Granda hf. á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst HB Grandi hf., sem útgefandi skráðra fjármálagerna, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa skilað lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum tæpum fjórum mánuðum of seint til Fjármálaeftirlitsins.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 500.000,-.